

# DETTIFOSSVEGUR 862 - DEILISKIPULAG

GREINAGERD OG UMHVERFISSKÝSLA



SVEITARFÉLAG: NORDURPÍNG.

VERKKAUPI: VEGAGERÐIN OG VATNAJÖKULSPJÓÐGARDUR.

SKIPULAGSRÁÐGJAFI: LANDMÓTUN SE.

2012/1033



GREINAGERD MED DEILISKIPULAGI - DAGS. 26.03.2013





**EFNISYFIRLIT:**

1. SAMANTEKT	4
3. MARKMID	4
4. EFNI OG UMFANG DEILISKIPULAGS.	4
5. FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG ADRAR ÁÆTLANIR	5
7. VEGLÍNA NÝS DETTIFOSSVEGAR INNAN ÞJÓÐGARDΣ.	6
<b>7.1. Girðingar - búsjárgöng - ristarhlíð</b>	<b>6</b>
<b>7.2. Áningastaðir - bílastæði</b>	<b>6</b>
<b>7.3. Gönguleiðir og reiðleiðir</b>	<b>6</b>
8. UMHVERFISMAT	6
<b>8.1. Umfjöllun um kosti</b>	<b>6</b>
<b>8.2. Áhrifa- og umhverfispættir</b>	<b>6</b>
<b>8.3. Viðmið</b>	<b>7</b>
<b>8.4. Öflun upplýsinga og aðferðarfræði</b>	<b>9</b>
9. DEILISKIPULAGSSVÆDI OG UMHVERFISÁHRIF	10
10. SVÆÐI 1	11
<b>10.1. Staðhættir</b>	<b>11</b>
<b>10.2. Fornleifar</b>	<b>11</b>
<b>10.3. Skeringar, efnistaka og efnispörf</b>	<b>11</b>
<b>10.4. Fyllingar</b>	<b>11</b>
<b>10.5. Veglína og áningastaðir</b>	<b>11</b>
<b>10.6. Umhverfisáhrif</b>	<b>12</b>
11. SVÆÐI 2	14
<b>11.1. Staðhættir</b>	<b>14</b>
<b>11.2. Fornleifar</b>	<b>14</b>
<b>11.3. Skeringar, efnistaka og efnispörf</b>	<b>14</b>
<b>11.4. Fyllingar</b>	<b>14</b>
<b>11.5. Veglína og áningastaðir</b>	<b>14</b>
<b>11.6. Umhverfisáhrif</b>	<b>16</b>
12. SVÆÐI 3	18
<b>12.1. Staðhættir</b>	<b>18</b>
<b>12.2. Fornleifar</b>	<b>18</b>
<b>12.3. Skeringar og efnistaka og efnispörf</b>	<b>18</b>
<b>12.4. Fyllingar</b>	<b>18</b>
<b>12.5. Veglína og áningastaðir</b>	<b>18</b>
<b>12.6. Umhverfisáhrif</b>	<b>20</b>
13. SVÆÐI 4	22
<b>13.1. Staðhættir</b>	<b>22</b>
<b>13.2. Fornleifar</b>	<b>22</b>
<b>13.3. Skeringar, efnistaka og efnispörf</b>	<b>22</b>
<b>13.4. Fyllingar</b>	<b>22</b>
<b>13.5. Veglína og áningastaðir</b>	<b>22</b>
<b>13.6. Umhverfisáhrif</b>	<b>23</b>
14. SÉRSTAKIR SKILMÁLAR - MÓTVÆGISADGERDIR	25
15. GÖNGULEIÐIR	25
<b>15.1. Gönguleiðir í Ásbyrgi</b>	<b>25</b>
<b>15.2. Gönguleiðir Vesturdalur</b>	<b>26</b>
<b>15.3. Gönguleiðir í Hólmatungum</b>	<b>26</b>
<b>15.4. Aðrar leiðir í Hólmatungum</b>	<b>26</b>
16. REIDLEIÐIR	26
17. KYNNING OG SAMRÁÐ	27
18. AFGREIÐSLA EFTIR AUGL. LÝSINGAR DEILISKIPULAGS	27
19. AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU DEILISKIPULAGS	27
20. FERLIÐ	28
21. HEIMILDASKRÁ	29

## 1. SAMANTEKT

Dettifossvegur 862 liggur innan marka sveitarfélagsins Norðurþings og um Vatnajökulsþjóðgarði áður þjóðgarðinn í Jökulsárljúfrum. Vegurinn er um 30 km að lengd. Hluti leiðarinnar er nýlög um hálendishluta svæðisins frá Dettifossafleggjara um Svíndalsháls að Lambatorfum. Eftir Lambatorfur norður á Norðausturveg í byggð er að mestu fylgt legu núverandi vegar.

Vegbreidd er 7,5 m og breidd slitlags 7,3 m. Vegurinn er í vegflokki C1 og verður lagður klæðingu. Burðarþol verður 11,5 tonn og hönnunarhraði 90 km/klst. Vegurinn að útsýnisstöðum verða 7 m breiðir í vegflokki C7. Öxulpungi verður 11,5 t og hönnunarhraði 40-50 km/klst.

Svæðisráð VJP. í samráði við Vegagerðina mun á síðari stigum útfæra hraðatakmörkun á vissum köflum leiðarinnar um þjóðgarðinn.

Efnistaka vegna vegagerðar er fyrirhuguð í vegstæði eða í tengslum við veginn og er áætlað að það þurfi rúmlega 1. mil. m<sup>3</sup> þar af um 600 þús. m<sup>3</sup> úr skerðingum og tæplega 500 þús m<sup>3</sup> úr námum.

Lögð verður áhersla á að halda öllu raski í lágmarki og frágangur vegfláa og náma að lokinni framkvæmd verði í anda sjálfbærni og endurheimt staðar gróðurs.

## 2. INNGANGUR

Vegagerðin og Vatnajökulsþjóðgarður hafa óskað eftir að gert verði deiliskipulag af nýjum Dettifossvegi nr. 862 og vegtengingum að Dettifossi, Hólmamatungum og Vesturdal. Deiliskipulagsmörkin eru innan marka sveitarfélagsins Norðurþings og liggur um þjóðgarð og landsvæði á náttúrumínjaskrá og óska þarf framkvæmdaleyfis fyrir veginum hjá sveitarfélagini. Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 gr. 4.19.2 annarri málsgrein segir "Par sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð á náttúruverndarsvæðum skal gera grein fyrir henni í deiliskipulagi"

Deiliskipulagið fellur einnig undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem hún mótar stefnu um tilkynningar skylda framkvæmd. Framkvæmdin hefur hlotið málsmæðferð samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda nr. 105/2000 og liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar frá 27. júlí 2006. Ennfremur liggur fyrir ákvörðun um matsskyldu um Dettifossveg vegna breytinga á tengingum að Hólmamatungum og Vesturdal/Hljóðaklettum þar sem framkvæmdin var ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Núverandi vegur um svæðið, Dettifossvegur 862 þarfnað endurbóta. Nyrsti hluti hans er uppbyggður malarvegur þar sem hann er innan byggðar í Kelduhverfi en að öðru leyti eru hann að mestu niðurgrafinn malarvegur og er einungis opinn yfir sumarið. Mikil sjónmengun er af ryki frá núverandi vegi, sérstaklega í Vatnajökulsþjóðgarði áður þjóðgarðinum í Jökulsárljúfrum.

Vegurinn er tæplega 30 km langur vestan Jökulsár á Fjöllum og er að mestu leyti innan marka þjóðgarðsinsog

einnig um náttúrumínjasvæðið Meiðavalla-og Tóveggjaskógr. Í tengslum við gerð Dettifossvegar þarf að leggja nýjar og/eða endurbættar vegtengingar að Hólmamatungum og Vesturdal/Hljóðaklettum og gera bílastæði og áningastaði. Vegtengingar sem eru annars vegar 2,6 og hins vegar 1,4 km langar.

Dettifossvegur nr. 862 í heild er rúmlega 50 km langur og liggur milli Hringvegar og Norðausturvegar. Vegurinn liggur um Skútustaðahrepp í Suður-Þingeyjarsýslu og Norðurþing í Norður-Þingeyjarsýslu. Kaflinn sem liggur um Skútustaðahrepp er 21 km langur og var að mestu lokið 2011. Uppbyggingu á þjónustusvæði við bílastæði við Dettifoss er þó ólokið og einnig vantart góða göngutengingu (aðgengi fyrir alla) með göngustíg að útsýnisstað við Dettifoss.

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 er nú í loka umfjöllun svo horfið er frá því að auglýsa deiliskipulag áningastaðar við Dettifoss að sinni sem liggur innan marka sveitarfélagsins Skútustaðahrepps þar til aðalskipulag hefur verið staðfest sennilega síðar á árinu 2013.

Árið 2011 var sumardagsumferð á núverandi vegi norðan Dettifoss 56 (Dettifoss-Vesturdalsvegur), 105 (Vesturdalsvegur-Tóveggjarvegur) og 133 (Tóveggjarvegur-Norðausturvegur) bílar á dag en sunnan Dettifoss 52 bílar á dag. Á kaflanum frá Hringvegi niður að Dettifossi var árið 2012 sumardagsumferð 220 bílar á dag.

## 3. MARKMIÐ

Markmið framkvæmdarinnar er að styrkja byggðalög í Þingeyjarsýslum með bættu vegasambandi milli byggðakjarna og stuðla að farsælli þróun vaxandi ferðamennsku á svæðinu. Nýr vegur mun bæta samgöngur og umferðarör-yggi og tryggja heilsárs samgöngur að mikilvægum ferðamannastöðum eins og Dettifossi.

Í Samgönguáætlun 2011-2022 er fjárveiting til framkvæmda á Dettifossvegi á árunum 2013-2015.

## 4. EFNI OG UMFANG DEILISKIPULAGS.

Gerð deiliskipulags vegna framangreindra áformá felast fyrst og fremst í því, að sýna legu Dettifossvegar frá því sem hann endar við síðstu áfangaskil, við vegtengingu að Dettifossi að Norðausturvegi í Kelduhverfi, ásamt 2,6 km langri vegtengingu að Hólmamatungum og nýrr 1,4 km langri vegtengingu að Langavatnshöfða ofan við Hljóðakletta og Vesturdal.

Mörk deiliskipulags miðast við afmörkun þjóðgarðsins að undanskildri veglinu um land jarðanna Meiðavalla og Tóveggjar þar sem mörk eru sýnd 100 m til hvorrar handar út frá miðlinu vegar.

Deiliskipulagið mun einnig sýna stíga, reiðleiðir og áningastaði ferðamanna og sýna hugsanlega byggingarreiti fyrir nýbyggingar í Vesturdal, við Ytra Þórunnarfjall og við Langavatnshöfða. Ennfremur verður tekið á efnistökusvæðum í tengslum við nýjan Dettifossveg en skilgreindar verða námur innan deiliskipulagssvæðisins.



Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð og eftirfarandi uppdráttum.

1. Dettifossvegur frá sveitarfélagamörkum Norðurþings og Skútustaðahrepps norður undir Þórunnarfjall/Hólmatungur, mkv. 1:10.000.
2. Þórunnarfjall um Svínadalsháls að Lambatorfum, mkv. 1:10.000.
3. Lambatorfur að Langhöfða með Vesturdal og Hljóðaklettum, mkv. 1:10.000.
4. Langavatnshöfði um Ásheiði Meiðavallaskóga á Norðausturveg, mkv. 1:10.000.
5. Skýringaruppdráttur af deiliskipulagssvæðinu í heild sinni, mkv. 1:35.0000

Gerðir er uppdrættir í staðri kvarða af deilisvæðum sem krefast meiri nákvæmni við Dettifoss, Ytra Þórunnarfjall - Hólmatungur, Langavatnshöfða, Hljóðakletta og Vesturdal. Mælikvarði og fjöldi uppdráttu mun ráðast eftir hentugleika. Miðað er við að allir uppdrættir verði í A1.

## 5. FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG AÐRAR ÁÆTLANIR

**Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.** Í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs sem var staðfest í feb. 2011 er gert ráð fyrir nýjum áningastað með bílastæði á Langavatnshöfða og fyrir Vesturdal er gert ráð fyrir landvörslustöð og tjaldsvæði með lágmarksþjónustu, auk göngustíga og fræðsluskiltla. Fyrir Hólmatungur er gert ráð fyrir nýjum áningastað með bílastæði fyrir daggesti á Ytra-Þórunnarfjalli. Fyrir Dettifoss skal deiliskipulag ná yfir þjónustusvæðið, bílastæði og byggingar auk ferðamannaleiða um Hafragilsundirlendi, norður og vestur fyrir Hafragil og suður að veg tengingu að Dettifossi. Einnig skal það ná yfir göngustíga frá þjónustusvæði að Dettifossi. Gert er ráð fyrir upplýsingamiðsstöð, vatnssalernum, áningastað með áningarborðum, upplýsingaskiltum, og veitingasölu ásamt tjaldsvæði fyrir göngufólk. Deiliskipulag gerir einnig grein fyrir göngu-, reið- og reiðhjóaleiðum.

**Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030** var staðfest 22. desember 2010. Í aðalskipulagi Norðurþings er gert ráð fyrir nýjum Dettifossvegi og tengingum að Hólmatungum og Vesturdal. Í aðalskipulagi Norðurþings kemur fram að tengivegi í Vesturdal (Vesturdalsvegur 888) verði breytt þannig að hann liggi af Dettifossvegi við Lönguhlíð upp á Langavatnshöfða þar sem nýtt bílastæði með gönguleiða-tengingum við Hljóðakletta verður. Einnig verði lagður nýr afleggjari að Hólmatungum (Tungnavegur 887). Ennfremur kemur fram varðandi aðgengi almennings, að tryggt verði gott aðgengi fyrir alla til helstu verðmætra svæða og stígar verði lagðir og leiðir merktar í samvinnu við aðra hagsmunahópa.

Í umhverfisskýrslu verður fjallað nánar um tengsl við aðrar áætlanir og hvernig deiliskipulagið samræmist gildandi stjórnunar og verndaráætlun, aðalskipulagi og öðrum áætlunum sveitarfélagsins og stjórnvalda. Ef ósamræmi kemur fram verður greint frá því til hvaða aðgerða sveitarstjórn hyggst grípa til úrlausnar.

## 6. STADHÆTTIR OG UMHVERFISAÐSTÆDUR

Dettifossvegur liggur vestan Jökulsár á Fjöllum í Norður- og Suður-Þingeyjarsýslum, um Skútustaðahrepp og fyrrum Keldunesrepp. Fyrrum Keldunesreppur í sveitarfélagini Norðurþingi var vestasti hreppur Norður-Þingeyjarsýslu. Hann nær yfir láglendið inn af Öxarfirði og heiðalönd þar inn af. Sveitin liggur öll mótt opnu hafi úr norðri og frá strönd inn að mörkum sveitarfélaga er jafn afluðandi halli á landi. Með Jökulsá er landslag nokkuð fjölbreytt. Með sjónum er sandströnd fyrir öllum fjarðarbotninum og þar innaf stórt flæmi myrlendis og sléttra sanda þar sem Landgræðslan hefur unnið að uppgræðslu.

Byggð í Keldunesreppi er nokkuð dreifð, þéttust um miðbik sveitarinnar. Í beinni línu frá fjallinu Eilíf að Dettifossi, liggja mörk Norðurþings og Skútustaðahrepps. Skútustaðahreppur er hálendasti og víðlendasti hreppur á landinu.

Jökulsá á Fjöllum kemur undan norðanverðum Vatnajökli og fellur til sjávar í Öxarfirði. Við hálandisbrúnina lækkar landið og áin steypist í stórum fossum niður gljúfrin sem hún hefur mótað um aldir og eru við hana kennd. Jökulsárgljúfur eru ein stærstu og hrikalegustu árgljúfur á Íslandi, um 25 km löng, ½ km á breidd og dýptin viða um eða yfir 100 m. Stórkostlegt umhverfi Jökulsárgljúfra er mótað af vatni, eldum og ís. Gífurleg hamfarahlaup eru talin hafa myndað og mótað gljúfur; gil, klappir og byrgi. Frægast þeirra er Ásbyrgi. Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum er helsta aðráttarafl ferðafolks á svæðinu með öllum sínum náttúruperlum, svo sem Ásbyrgi, Hljóðaklettum, Svínadal, Hólmatungum og Dettifossi.

Norðan og austanvert í Ásheiðinni er náttúrulegur birkiskógur, Meiðavallaskógar í landi Meiðavalla en Tóveggjarskógar í landi Tóveggjar. Sunnan hans tekur við lyng- og kjarri vaxin Ásheiðin. Austan Meiðavallaskógar er nyrsti hluti þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum með Ásbyrgi, Áshöfða og Ástjörn. Miðhluti Jökulsárgljúfranna líkist fremur dal en gljúfri Svínadalskvosin. Vesturdalur er þar nyrstur, með þverhníptum veggjum og sléttum flötum í botni með ótal tjörnum. Þar eru einnig Hljóðaklettar. Hljóðaklettar eru innviðir fornra eldstöðva þar sem Jökulsá hefur sópað öllu lausara gosefninu í burtu. Litlu norðar standa Rauðhólar sem eru gjallgígar. Sunnan Vesturdals eru Hólmatungur en þar fara saman miklar andstæður. Þar eru gróðurrísk svæði með ótal smááum og lækjum sem spretta af lindum og renna síðan út í beljandi, aurugt stórfjótið. Í skjóli hamra og kletta þrífst fjölbreytt samspli gróðurs og dýralífs. Dettifoss er við syðsta hluta þjóðgarðsins. Hann er mestur í röð tilkomumikillar fossaraðar sem nær niður í Hólmatungur.

Skammt sunnan við Dettifoss er Selfoss en neðan við Dettifoss er Hafragilsfoss og nálægt Hólmatungum eru Réttarfoss. Norðan við Hafragilsfoss skera gljúfrin gígarröð sem heitir Randarhólar. Þar má sjá þverskurð af aðfærslu-æð gosgígs.



## 7. VEGLÍNA NÝS DETTIFOSSVEGAR INNAN PJÓÐGARÐS.

Dettifossvegur liggar að mestu utan svæða sem teljast mestu náttúrundur þjóðgarðsins. Fyrir árið 1980 lá vegurinn í gegnum Vesturdal, Svínadal og Hólmatungur. Um 1980 var tekin ákvörðun um að flytja veginn að brúnum Svínadalskvosar, með því markmiði að vernda mikilvægasta hluta þjóðgarðsins.

Við undirbúnning nýs Dettifossvegar var tekin ákvörðun um að fylgja ekki núverandi vegi á kafla þar sem hann liggar norðan í Miðdegishæð heldur leggja veginn sunnar í Svínadalshálsinn til að vernda útsýni frá Vesturdal og Svínadalskvos. Við það minnkar útsýnisgildi vegarins nokkuð en áningastaðir við veginn bæta ferðalöngum það upp.

Veglínan frá Dettifossafleggjara er að hluta til breytt alla leið að Lambatorfum. Í þjóðgarðinum færst veglínan aðeins vestur fyrir núverandi veg. Landslag umhverfis er einsleitt á þessum hluta vegarins, ávalir lítt grónir hryggir, sunnan Hnusa um Svínadalsháls sunnan við Miðdegishæð. Núverandi vegur liggar norðan í Miðdegishæð. Ný veglina tengist við núverandi veg sunnan við Lambatorfur og fylgir núverandi vegi eftir það. Lambatorfur var virkt upplásturssvæði en eru nú innan landgræðslugirðingar. Landslag verður hér eftir aflíðandi til norðurs um Lönguhlíð og Ásheiði norður á Norðausturveg. Frá Lambatorfum og norður í byggð er farið um stórbýfðan lyngmóa með fjalldrapa, vífði og berjalyngi.

Vegbreidd er 7,5 m og breidd slitlags 7,3 m. Vegurinn er í vegflokki C1 og verður lagður klæðingu. Burðarþol verður 11,5 tonn og hönnunarhraði 90 km/klst.

### 7.1. Girðingar - bújfárgöng - ristarhlíð

Vegna legu vegarins um afréttarlönd Keldhverfinga er gert ráð fyrir girðingu með Dettifossvegi úr byggð suður að landgræðslugirðingu á Lönguhlíð skammt vestan við Langavatnshöfða. Lega Landgræðslugirðingar mun breytast frá Langavatnshöfða að Lambatorfum og færst vestur fyrir Dettifossveg. Allur Dettifossvegur frá Dettifossi og norður í byggð mun því verða laus við ágang búfjára. Gert er ráð fyrir undirgöngum undir Dettifossveg fyrir búfínað samkvæmt samkomulagi Vegagerðarinar við jarðeigendur á Meiðavöllum og á Tóvegg. Þar af eru tvö sem hægt verður að teyma reiðhross um í stöðvum 40640 og 43020.

Nánar verður getið um girðingar og göng í lýsingu á áföngum vegar í greinargerð.

Veggirðing fylgir legu vegar og er í venjulegri girðingarfjarlægð frá veginum (20 m).

Lega landgræðslugirðingar breytist að hluta en hún er sýnd á uppdráttum til skýringar ekki sem nákvæm lega. Við st. 39920 færst væntanleg landgræðslugirðing upp á Lönguhlíð og liggur í 110-130 m fjarlægð frá Dettifossvegi. Reiðleið mun taka mið af staðsetningu ræsa og nauðsynlegt að aðlagta reiðleiðir að legu undirganga.

### 7.2. Áningastaðir - bílastæði

Með nýjum vegi um þjóðgarðinn er gengið frá nokkrum áningastöðum með góðum bílastæðum fyrir bæði einkabíla sem og rútur og ferðabíla með viðhengi. Öll bílastæði eru malbikuð og rúmgóð samkvæmt viðmiðum sem Vegagerðin hefur þróað. Áningastaðir eru búin upplýsingaskiltum og dvalarsvæðum og í góðum tengslum við gönguleiðakerfi þjóðgarðsins.

### 7.3. Gönguleiðir og reiðleiðir

Með deiliskipulaginu munu göngustígakerfi þjóðgarðsins sem hefur þróast um árabil verða fest í sessi enda tengast leiðirnar helstu áningastöðum sem byggðir verða um leið og ný Dettifossvegur. Reiðleið um þjóðgarðinn er skilgreind og fær nú sess t.d. í eldra vegstæði í suðurhluta garðsins að Dettifossi.

## 8. UMHVERFISMAT

### 8.1. Umfjöllun um kosti

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar verður gerður samanburður við „núllkost,” sem felst í því að engar breytingar verði gerðar á núverandi vegi)

### 8.2. Áhrifa- og umhverfispættir

Helstu þættir deiliskipulagsins sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum, eru vegagerð og efnistaka. Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru umhverfispættir valdir og eru áhrifin mismikil á umhverfispætti eftir því hvort um ræðir vegagerð eða efnistöku.

Í umhverfisskýrslunni verður fjallað um eftirfarandi umhverfispætti:

Samfélag	Landnotkun
Fornleifar	Dýralíf
Gróður og jarðveg	Jarðmyndanir
Vatnafar	Landslag
Hávaði og mengun	


Val á þessum umhverfispættum byggist á greiningu á því hvað þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna deiliskipulagsins. Greint verður frá mögulegum mótvægiságerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áðurtöldum þáttum eru talin veruleg.

### 8.3. Viðmið

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:  
 Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.  
 Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.  
 Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir,

sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati deiliskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísis til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.




Mynd 1. Svæðið sem breytingin nær til samkvæmt gildandi aðalskipulagi Norðurþjórs.

Umhverfisþættir	Umhverfisviðmið
Samfélag	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá kafla II.1 um heilnæmt andrúmsloft. Vegalög nr. 80/2007. Einkum 1. gr. og kafli IX um öryggi vega og umferðar. Samgönguáætlun 2007-2010. Sjá sérstaklega markmið 1.3. um umhverfislega sjálfbærar samgöngur
Landnotkun	Skipulagslög nr. 123/123/2010 Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2030 (í vinnslu)
Fornleifar	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar; haugar; greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.
Dýralíf	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spen-dýrum.
Gróður og jarðvegur	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar; sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.
Jarðmyndanir	37 gr. laga um náttúruvernd. Velferð til framtíðar; Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveisst með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu.
Vatnafar	1. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. 1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun grunnvatns.
Landslag	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.
Hávaði og mengun	Ákvæði í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun. Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm líffskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Reglugerð nr. 933/1999 um hávaða og breyting á henni sbr. reglugerð 478/2003.

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa/ Vægiseinkunn	Skýring
Verulega jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinnungur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands-og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsvert jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkraef. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkraef. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsvert neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkraef. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Verulega neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkraeft. Áhrif eru oftast á svæðis-, lands-og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óvissa	EKKI er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.

Tafla 1: Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu



Mynd 3. Hlutaskipting deiliskipulags.

#### 8.4. Öflun upplýsinga og aðferðafræði

Við mat á umhverfisáhrifum verður sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna. Stuðst verður við fyrirliggjandi upplýsingar um framkvæmdina þ.e. gögn frá Vegagerðinni, þ.e. málsmæðferðargögn vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar og Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs sem staðfest var af umhverfisráðherra 28. febrúar 2011 sem og Aðalskipulag Norðurþings.

#### 9. DEILISKIPULAGSSVÆÐI OG UMHVERFISÁHRIF

Deiliskipulagsuppdrættirnir ná yfir fjögur svæði. Verður fjallað um þau í næstu köflum ásamt umhverfisáhrifum hvers kafla fyrir sig. Svæðin eru eftirfarandi:

1. Dettifossvegur frá sveitarfélagamörkum Norðurþings og Skútustaðahrepps norður undir Ytra-Þórunnarfjall/Hólmatungur. (stöð 21180 - 27400 á Dettifossvegi)
2. Pórunnarfjall um Svínaðalsháls að Lambatorfum. (stöð 27400-34400 á Dettifossvegi)
3. Lambatorfur Langavatnshöfðatenging að Vesturdal og Hljóðaklettum - Ásheiði. (stöð 34400-41800 á Dettifossvegi)
4. Ásheiði um Meiðavallaskóg og Tóveggjarskóg á Norðausturveg (stöð 41800-50880 á Dettifossvegi).

## 10. SVÆÐI 1

Dettifossvegur frá sveitarfélagamörkum Norðurþings og Skútustaðahrepps norður undir Ytra- Þórunnarfjall/Hólmatungur. Stöð 21180 - 27400 á Dettifossvegi.

### 10.1. Staðhættir

Á kaflanum frá Dettifossvegi frá sveitarfélagamörkum Norðurþings og Skútustaðahrepps og norður undir Ytra- Þórunnarfjall/Hólmatungur er lokið við gerð vegtengingar sem nær niður að bílaplani við Dettifoss. Lýsing á þessum kafla nær því frá þar sem nýr vegur endar við vegamót Dettifossvegar og vegtengingar að bílaplani við Dettifoss.. Vegkaflinn er 6,2 km langur (st. 21180-27400). Á þessum kafla víscur nýr vegur nokkuð frá núverandi Dettifossvegi og fer vegurinn um land sem er að mestu gróið. Svæðið er að öllu leyti innan þjóðgarðsins og innan landgræðslugirðingar. Svæðið er innan fjarðsvæðis vatnsverndar.

### 10.2. Fornleifar

Engar fornleifar eru skráðar á leiðinni.

### 10.3. Skeringar, efnistaka og efnispörf

Víða eru skeringar meðfram vegi en efni úr þeim nýtist í fyllingar og fláafleyga.

Ein náma er skilgreind á þessu svæði.

Efnispörf	264.000 m <sup>3</sup>
Efni úr skeringum:	143.000 m <sup>3</sup>
Efni úr nánum:	131.000 m <sup>3</sup>

### 10.4. Fyllingar

Talsverðar fyllingar eru á þessum kafla.

### 10.5. Veglína og áningastaðir

Vegkaflinn nær frá afleggjaranum niður að Dettifossi að afleggjaranum að Ytra-Þórunnarfjalli/Hólmatungum. Vegbreidd er 7,5 m og breidd slitlags 7,3 m. Vegurinn er í vegflokk C1 og verður lagður klæðingu. Burðarþol verður 11,5 tonn og hönnunarhraði 90 km/klst.

Engir áningastaðir eru skilgreindir á þessum kafla.

Helsti áningar- og þjónustustaður þjóðgarðsins er áætlaður á nýju bílastæði við Dettifoss með góðum göngustíg og útsýnispöllum við fossinn. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 er nú í loka umfjöllun svo horfið er frá því að auglýsa deiliskipulag áningastaðar við Dettifoss að sinni. Deiliskipulags áningastaðarins sem er innan marka sveitarfélagsins Skútustaðahrepps er frestað þar til aðalskipulag hefur verið staðfest væntanlega síðar á árinu 2013



Mynd 4. Svæði 1 Dettifoss



Mynd 5. Horft yfir áningastað við Dettifoss.



## 10.6. Umhverfisáhrif

		Lýsing	Viðmið
Samfélag	+	Verulega jákvæð áhrif á ferðaþjónustu, lenging ferðamannatíma, fjölgun atvinnutækifæra og styrking byggðar vegna aukinna lífsgæða íbúa svæðisins. Framkvæmdir í þjóðgarði og fjölsóttum ferðamannastað geta haft tímabundin neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útvist á framkvæmdatíma. Aðgengi að þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum mun gjörbreytast og þar af leiðandi allar aðstæður fyrir gesti á svæðinu. Verulega jákvæð áhrif á umferðaröryggi.	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá kafla II.1 um heilnæmt andrúmsloft. Vegalög nr. 80/2007. Einkum 1. gr. og kafli IX um öryggi vega og umferðar. Samgönguáætlun 2007-2010. Sjá sérstaklega markmið 1.3. um umhverfislega sjálfbærar samgöngur
Hávaði og mengun	0	Óveruleg áhrif á hávaða og mengun að mestu er um að ræða tímabundin og staðbundin áhrif á framkvæmdatíma.	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun. Reglugerð nr. 933/1999 um hávaða og breyting á henni sbr. reglugerð 478/2003.
Landnotkun	0/-	Deiliskipulagið hefur talsverð neikvæð áhrif á landnotkun því nýtt land hverfur undir veg, vegurinn skiptir landinu upp og hefur hindrunaráhrif. Á þessum vegkafla liggur vegurinn að öllu leyti innan þjóðgarðs og mun nýr vegur geta aukið ferðamannastraum og þar með álag á núverandi ferðamannastaði innan þjóðgarðsins.	Skipulagslög nr. 123/123/2010 Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.
Fornleifar	0	Engar fornleifar eru skráðar á þessum kafla.	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001..
Dýralíf	0	Óveruleg áhrif á fuglalíf. Fuglalíf á fyrirhuguðu vegstæði Dettifossvegar er hvorki mjög fjölbreytilegt né ríkulegt. Engin fuglategund á válista virðist verpa innan rannsóknarsvæðisins. Áhrif af upphbyggingu Dettifossvegar ættu hvorki að hafa mikil áhrif á fuglalíf svæðisbundið, né á landsvísu.	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

		Lýsing	Viðmið
Gróður og jarðvegur	0	Vegurinn mun raska gróðri á framkvæmdasvæðinu en engar sjaldgæfar tegundir eða gróðurfélög eru á þessum veghluta. Að framkvæmdum loknum verður raskað svæði grætt upp þar sem við á, í samráði við landeigendur, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnun og þjóðgarðsyfirlöld. Framkvæmdaraðili mun græða upp jafn mikil gróðurlendi og tapast vegna framkvæmdarinnar. Möguleg neikvæð áhrif á gróður og jarðveg með auknum ágangi ferðamanna um svæðið	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.
Jarðmyndanir	0	Engum sérstæðum jarðmyndunum er raskað á þessari leið.	37 gr. laga um náttúruvernd. Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveisitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu.
Vatnafar	0	Óveruleg áhrif á vatnafar.	1. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. 1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatsns. 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun grunnvatns.
Landslag	-	Á þessum hluta verða talsverð neikvæð áhrif vegna varanlegra breytinga á landslagi þar sem nýr vegur liggar um land sem ekki hefur verið raskað áður. Vegurinn skiptir landinu upp og skorið verður í hæðir og fyllt í lægðir. Við hönnun vegarins verður reynt að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á landslag. Við hönnun og frágang náma og vegar verður reynt að fella framkvæmdina sem best að umhverfinu. Skeringar, fyllingar og námur verða aðlagðar að landinu umhverfis. Uppgræðsla miðast við að endurheimta staðargróður.	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísboundingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Mégineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar

## 11. SVÆÐI 2

Ytra-Þórunnarfjall/Hólmatungur um Svínadalsháls að Lambatorfum. Stöð 27400 - 34400 á Dettifossvegi.

### 11.1. Staðhættir

Vegkafinn á þessum hluta er um 7 km langur (st. 27400-34400), og liggur frá afleggjaranum að Ytra-Þórunnarfjalli og Hólmatungum um Svínadalsháls, yfir Miðdegishæð að Lambatorfum. Vegurinn liggur í núverandi vegstæði frá Miðdegishæð norður úr en víkur talsvert frá núverandi veginn sem hann fer um Svínadalsháls. Nýi vegurinn og vegtengingin niður að Ytra-Þórunnarfjalli/Hólmatungum fer um gróíð land, að mestu mólendi. Vegurinn á þessum hluta er að öllu leyti innan þjóðgarðsins og innan landgræðslugirðingar. Svæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar.

### 11.2. Fornleifar

Á þessum hluta er skráðar þrjár fornleifar.

NP-613:002: Varða ekki í hættu.

NP-613:002a: Varða ekki í hættu.

NP-613:003: Varða í hættu.

### 11.3. Skeringar, efnistaka og efnispörf

Víða eru skerðingar meðfram veginn en efni úr þeim nýtist í fyllingar og fláafleyga. Stór hluti efnis mun koma úr vegskerðingum en það sem á vantar verður tekið úr skilgreindum námum.

Efnispörf	271.000 m <sup>3</sup>
Efni úr skeringum:	304.000 m <sup>3</sup>
Efni úr námum:	0 m <sup>3</sup>

Hér er meira efni úr skeringum en sem nemur efnispörf og er gert ráð fyrir að 20.000 m<sup>3</sup> umframefni úr skeringum verði notað við frágang skeringa og að 13.000 m<sup>3</sup> verði notaðir á svæði 3.

Fjórar námur eru innan svæðisins

### 11.4. Fyllingar


Talsverðar fyllingar eru á þessum kafla.

### 11.5. Veglína og áningastaðir

Veglína á þessum hluta breytist þó nokkuð m.v. núverandi Dettifossveg. Um er að ræða nýja veglínua á kaflanum um Svínadalsháls en norðan Miðdegishæðar fylgir vegurinn núverandi veginn að mestu til norðurs. Gerð verður ný vegtenging niður að Ytra-Þórunnarfjalli sem er um 2,6 km löng og fylgir að hluta til núverandi vegslóða.

Dettifossvegur verður 7,5 m breiður í vegflokki C1 með burðarþol 11,5 tonn og 90 km/klst hönnunarhraða.

Egurinn niður að útsýnisstað á Ytra-Þórunnarfjalli verður 7 m breiður í vegflokki C7. Öxulþungi verður 11,5 t og hönnunarhraði 40-50 km/klst.



Mynd 6. Svæði 2 Ytra Þórunnarfjall/Svínadalsháls.



Mynd 7. Hort yfir Svínadalskvos.

Áningastaðir eru þrír á þessari leið. Stór áningastaður og býlastæði er við endann á vegtengingu að Ytra-Pórunnarfjalli/Hólmatungum og tveir áningastaðir við Dettifossveg.

Áningastaður við Ytra-Pórunnarfjall/Hólmatungur. Býlastæði verður um  $2500 \text{ m}^2$  að stærð og malbikað. Þar verður stæði fyrir 19 fólksbíla, 11 húsbíla og fimm rútur. Byggingarreitur er skilgreindur fyrir salerni og upplýsingaskilti verður komið upp. Gerður verður um 300 langur stífigur sem endar á útsýnispalli með útsýni yfir gljúfrin af Ytra-Pórunnarfjalli. Stífigurinn verður með aðgengi fyrir alla og með föstu yfirborði. Sýndur er byggingarreitur fyrir snyrtihús og sýnd möguleg staðsetning rotþróar og sytrulagna.

Tveir áningastaðir verða við Dettifossveg á þessum hluta. Syðri áningastaðurinn verður með  $2000 \text{ m}^2$  býlastæði og malbikað. Þar verða 12 fólksbýlastæði, 3 húsbýlastæði og rútustæði. Í framhaldi af áningastaðnum verður lagður um 150 langur malarstífigur að útsýnistæð þar sem sett verða upp upplýsingaskilti og nestisborð. Útsýnisstaðurinn verður hellulagður og afmarkaður með grjótkanti.

Gert er ráð fyrir áningastað við Miðdegishæð sem er mjög góður útsýnisstaður við veginn. Um er að ræða afrein eða útskot frá Dettifossvegi sem er um  $800 \text{ m}^2$  að stærð. Þar verður stæði fyrir 2 rútur eða 5-6 fólksbíla. Á staðnum verður hellulagður útsýnispallur og upplýsingaskilti.

Núverandi vegur norðan í Miðdegishæð verður gengið frá með skipulögðum hætti og á umhverfisvænann hátt sem hluta framkvænd vegagerðarinnar.



Mynd 8. Dettifoss í klakaböndum.

## 11.6. Umhverfisáhrif

Umhverfis-þættir		Lýsing	Viðmið
Samfélag	+	Verulega jákvæð áhrif á ferðapjónustu, lenging ferðamannatíma og fjölgun atvinnutækifæra og styrking byggðar vegna aukinna lífsgæða íbúa svæðisins. Framkvæmdir í þjóðgarði og fjölsóttum ferðamannastað geta haft tímabundin neikvæð áhrif á ferðapjónustu og útivist á framkvæmdatíma. Aðgengi að þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum mun gjörbreytast og þar af leiðandi allar aðstæður fyrir gesti á væðinu. Verulega jákvæð áhrif á umferðaröryggi.	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá kafla II.1 um heilnæmt andrúmsloft. Vegalög nr. 80/2007. Einkum 1. gr. og kafli IX um öryggi vega og umferðar. Samgönguáætlun 2007-2010. Sjá sérstaklega markmið 1.3. um umhverfislega sjálfbærar samgöngur
Hávaði og mengun	0	Óveruleg áhrif á hávaða og mengun að mestu er um að ræða tímabundin og staðbundin áhrif á framkvæmdatíma.	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun. Reglugerð nr. 933/1999 um hávaða og breyting á henni sbr. reglugerð 478/2003.
Landnotkun	0/+	Deiliskipulagið hefur á þessum kafla óveruleg áhrif á landnotkun þar sem nýir vegir fylgja númerandi vegi á köflum og land og hindrunaráhrif eru þegar fyrir hendi. Nýr vegur verður þó stærri og umfangsmeiri. Nýr vegur getur aukið ferðamannastraum og þar með álag á númerandi ferðamannastaði innan þjóðgarðsins.	Skipulagslög nr. 123/123/2010 Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.
Fornleifar	-	Ein varða er í hættu. Hún er í 20 m fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Hana þarf að merkja vel áður en framkvæmdir hefjast.	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001..
Dýralíf	0	Óveruleg áhrif á fuglalíf. Fuglalíf á fyrirhuguðu vegstæði Dettifossvegar er hvorki mjög fjölbreytilegt né ríkulegt. Engin fuglategund á válista virðist verpa innan rannsóknarsvæðisins. Áhrif af upphyrgingu Dettifossvegar ættu hvorki að hafa mikil áhrif á fuglalíf svæðisbundið, né á landsvísu.	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfis-þættir		Lýsing	Viðmið
Gróður og jarðvegur	0	Vegurinn mun raska gróðri á framkvæmdasvæðinu en engar sjaldgæfar tegundir eða gróðurfélög eru á þessum veghluta. Að framkvæmdum loknum verður raskað svæði grætt upp þar sem við á, í samráði við landeigendur, Landgræðslu ríkisins Umhverfisstofnun og þjóðgarðsyfirvöld. Framkvæmdaraðili mun græða upp jafn mikið gróðurlendi og tapast vegna framkvæmdarinnar. Möguleg neikvæð áhrif á gróður og jarðveg með auknum ágangi ferðamanna um svæðið	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.
Jarðmyndanir	0	Engum sérstæðum jarðmyndunum er raskað á þessari leið.	37 gr. laga um náttúruvernd. Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu.
Vatnafar	0	Óveruleg áhrif á vatnafar.	1. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. 1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun grunnvatns.
Landslag	-	Talsverð neikvæð áhrif vegna varanlegra breytinga á landslagi þar sem nýr vegur liggur að hluta til um land sem ekki hefur verið raskað áður. Vegurinn skiptir landinu upp og skorið verður í hæðir og fyllt í lægðir. Við hönnun vegarins verður reynt að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á landslag. Við hönnun og frágang náma og vegar verður reynt að fella framkvæmdina sem best að umhverfinu. Skeringar, fyllingar og námur verða aðlagðar að landinu umhverfis. Uppgræðsla miðast við að endurheimta staðargrður.	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúrumínjaskrá. Mégineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.

Tafla 4. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar

## 12. SVÆÐI 3

Lambatorfur - Langavatnshöfðatenging að Vesturdal og Hljóðaklettum - Ásheiði. Stöð 34400-41800 á Dettifossvegi.

### 12.1 Staðhættir

Vegkaflinn frá Lambatorfum að Langavatnshöfða er 7,4 km langur (st. 34400-41800) og síðan er gert ráð fyrir nýjum 1,4 km vegin að Langavatnshöfða. Frá honum verður tenging að núverandi vegin niður í Vesturdal. Landið meðfram nýjum Dettifossvegi er mjög gróið á þessum hluta, mestmeignis mólendi með fjalldrapa ríkjandi. Umhverfis Langavatnshöfða eru stærri breiður af melum og ógrónum svæðum og í Vesturdal mikið af birki. Á þessum kafla fylgir vegurinn að mestu núverandi vegin og er að öllu leyti innan þjóðgarðsins sem og fjarsvæðis vatnsverndar. Á þessum hluta er Vesturdalur en þar er í dag tjaldsvæði og bílastæði fyrir Hljóðakletta og aðstaða fyrir landverði.

### 12.2. Fornleifar

Ein fornleif er skráð á þessum veghluta.

Nþ-613:001: Varða í hættu vegna vegagerðar.

### 12.3. Skeringar og efnistaka og efnispörft

Víða eru skeringar meðfram vegin en efni úr þeim nýtist í fyllingar og fláafleyga. Stór hluti efnis mun koma úr veg- skeringum en það sem á vantar verður tekið úr skilgreindum nánum.

Efnispörft	239.000 m <sup>3</sup>
Efni úr skeringum:	104.000 m <sup>3</sup>
Efni úr skeringum á svæði 2:	13.000 m <sup>3</sup>
Efni úr nánum:	122.000 m <sup>3</sup>

### 12.4. Fyllingar

Talsverðar fyllingar eru á þessum kafla.


### 12.5. Veglina og áningastaðir

Dettifossvegur verður 7,5 m breiður í vegflokk C1 með burðarþol 11,5 tonn og 90 km/klst hönnunarhraða. Unnið er að tillögum að hraðatakmörkunum á vissum köflum leiðarinnar um þjóðgarðinn. Hraðatakmörkun er á öllum aðkomuleiðum að áningarstöðum í þjóðgarðinum.

Á þessum hluta er vegkaflinn um 7,4 km langur og fylgir að mestu núverandi vegin en beygjur eru mildaðar. Í grennd við þjóðgarðsmörkin víkur vegurinn frá núverandi vegstæði og liggur um 100-140 m austar en núverandi vegur.

Ný vegtenging frá Dettifossvegi að Langavatnshöfða ofan Hljóðakletta og Vesturdals verður 1,4 km löng. Vegurinn verður lagður klæðingu en lítið upphækkaður. Vegurinn verður 7 m breiður í vegflokk C7 með burðarþol 11,5 t.

Reiknað er með girðingu beggja vegna við Dettifossveg frá Norðausturvegi suður undir Lönguhlíð að núverandi Landgræðslugirðingu. Auk þess er reiknað með alls þremur göngum fyrir búfé í stöðvum 40640, 43020 og st. 45260, þar af tvenn göng sem hægt er að teyma reiðhross í gegn.



Mynd 9. Svæði 3 Lambatorfur Vesturdalur Ásheiði.



Mynd 10. Horft yfir Vesturdal

Önnur stærri göng eru áætluð í stöð 43020 þar sem gammal slóðið þverar veginn. Því næst í stöð 40640 þar sem landgræðslugirðing þverar Dettifossveg. Gert er ráð fyrir ristarhliði á Dettifossvegi nær Norðausturvegamótum.

Ný vegtenging að Langavatnshöfða fylgir núverandi Vesturdalsvegi fyrstu 0,4 km en stefmir síðan upp á Langavatnshöfða í stað þess að fara niður í Vesturdal. Til að byrja með fer veglínan yfir gamalt landgræðslusvæði, en síðan yfir hátt moldarbarð og liggar veglínan þaðan á lyngi grónum móum. Talsverð hækkun er í veglínunni og því þarf hún fara í stórum sveigjum upp á Langavatnshöfða, til að veghalli verði ekki of mikill. Við enda vegarins er gert ráð fyrir stóru bílastæði fyrir gesti þjóðgarðsins. Bílastæðið verður vestan í Langavatnshöfða og bílar sem verður lagt þar munu ekki sjást frá Vesturdal, Hljóðaklettum eða Rauðhólum. Miðað er við að lagður verði um 250 m langur göngustígur, helst malbikaður, frá bílastæðinu að fyrirhuguðum útsýnisstað á Langavatnshöfða.

Frá vegtengingu að Langavatnshöfða verður gerð ný, 0,2 km löng tenging að núverandi Vesturdalsvegi sem verður endurbættur lítilsháttar á kaflanum niður í Vesturdal. Á 0,6 km kafla verða krappar beygjur mildaðar, vegurinn hækkaður um 0,1-0,2 m og lagður bundu slitlagi. Gert er ráð fyrir að endurbætur vegar ljúki á bílastæði þar sem komið er niður í Vesturdal. Vegur um tjaldsvæði í Vesturdal að bílastæði við Hljóðaklettum verður lagður bundnu slitlagi en leiðin 0,8 km löng.

Gert er ráð fyrir nýjum áningastað í gamalli námu vestan Urðardals. Um er að ræða góðan útsýnisstað sem er lítið áberandi í landi. Bílastæðið er um 1.500 m<sup>2</sup> að stærð og malbikaður. Þar verður aðstaða fyrir um 8 fólksbíla, 4 húsbíla og 2 rútur. Á dvalarsvæði verður aðstaða fyrir neistisborð og upplýsingaskilti og verður bílastæðið afmarkað að hluta til með grjótkanti.

Nýr áningastaður á Langavatnshöfða. Bílastæði er um 3.100 m<sup>2</sup> að stærð og malbikað. Þar verður pláss fyrir 20 fólksbíla, 11 húsbíla og 7 rútur. Á áningastaðnum er gert ráð fyrir að megi koma upp borðum og bekkjum og upplýsingaskiltum. Svæðið verður afmarkað með stökum steinum en verður þannig útfært að það falli vel inn í landslagið. Markaður er byggingarreitur fyrir lítið snyrtihús og sýnd móguleg staðsetning rotþróar og siturlagna.

Gert er ráð fyrir að ferðamenn á hraðferð t.d. ferðamenn úr skemmtiferðaskipum nýti sér möguleikann á Langavatnshöfða, frekar en að aka niður í Vesturdal. Bílastæði fyrir Hljóðakletta í Vesturdal verður lagfært. Gert verður nýtt bílastæði og áningastaður neðan við brekkuna í Vesturdal ásamt byggingarreit fyrir upplýsinga/ þjónustumiðstöð auk snyrtiaðstöðu. Bílastæði er 1700 m<sup>2</sup> með stæðum fyrir 2 rútur og 14 fólksbíla.



Mynd 11. Ferðamenn við Dettifoss

## 12.6. Umhverfisáhrif

Umhverfispættir		Lýsing	Viðmið
Samfélag	+	Verulega jákvæð áhrif á ferðaþjónustu, lenging ferðamannatíma og fjölgun atvinnutækifæra og styrking byggðar vegna aukinna lífsgæða íbúa svæðisins. Framkvæmdir í þjóðgarði og fjölsóttum ferðamannastað geta haft tímabundin neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist á fram-kvæmdatíma. Aðgengi að þjóð-garðinum í Jökulsárgljúfrum mun gjörbreytast og þar af leiðandi allar aðstæður fyrir gesti á væðinu. Verulega jákvæð áhrif á umferðaröryggi.	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá kafla II.1 um heilnæmt andrúmsloft. Vegalög nr. 80/2007. Einkum 1. gr. og kafla IX um öryggi vega og umferðar. Samgönguáætlun 2007-2010. Sjá sérstaklega markmið 1.3. um umhverfislega sjálfbærar samgöngur
Hávaði og mengun	0	Óveruleg áhrif á hávaða og mengun að mestu er um að ræða tímabundin og staðbundin áhrif á framkvæmdatíma.	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun. Reglugerð nr. 933/1999 um hávaða og breyting á henni sbr. reglugerð 478/2003.
Landnotkun	0/+	Deiliskipulagið hefur á þessum kafla óveruleg áhrif á landnotkun þar sem hann fylgir að mestu núverandi vegi og land og hindrunaráhrif þegar fyrir hendi. Nýr vegur verður þó stærri og umfangsmeiri. Nýr vegur getur aukið ferðamannastraum og þar með álag á núverandi ferðamannastaði innan þjóðgarðsins.	Skipulagslög nr. 123/123/2010 Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.
Fornleifar	-	Ein varða er í hættu og mun þurfa að raska henni. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að fá leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska viðkomandi fornleifum. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins um frummatsskýrslu kemur fram að hún leggst ekki gegn því að þeim verði raskað.	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunar-staðir o.s.fr.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001..
Dýralíf	0	Óveruleg áhrif á fuglalíf. Fuglalíf á fyrirhuguðu vegstæði Dettifossvegar er hvorki mjög fjölbreytilegt né ríkulegt. Engin fuglategund á válista virðist verpa innan rannsóknarsvæðisins. Áhrif af uppbyggingu Dettifossvegar ættu hvorki að hafa mikil áhrif á fuglalíf svæðisbundið, né á landsvísu.	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisþættir		Lýsing	Viðmið
Gróður og jarðvegur	0	Vegurinn mun raska gróðri á framkvæmda-svæðinu en engar sjaldgæfar tegundir eða gróðurfélög eru á þessum veghluta. Að framkvæmdum loknum verður sáð í raskað svæði þar sem við á, í samráði við landeigendur, landgræðsluna, þjóðgarðsyfirvöld og Umhverfisstofnun. Framkvæmdar-aðili mun græða upp jafn mikið gróðurlendi og tapast vegna framkvæmdarinnar. Möguleg neikvæð áhrif á gróður og jarðveg með auknum ágangi ferðamanna um svæðið.	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.
Jarðmyndanir	0	Engum sérstæðum jarðmyndunum er raskað á þessari leið.	37 gr. laga um náttúruvernd. Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveisst með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu.
Vatnafar	0	Óveruleg áhrif á vatnafar.	1. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. 1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun grunnvatns.
Landslag	-	Vegurinn mun hafa talsvert neikvæð á landslag og talsverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér vegna skeringa og fyllinga sem nauðsynlegar eru vegna nýs vegar. Við hönnun vegarins er þó reynt að takmarka það eins og kostur er. Við frágang verður reynt að gera skeringar og námusvæði sem minnst áberandi með því að aðlaga brúnir þeirra landinu í kring. Frágangi verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Námur og skeringar verða því mótaðar í samræmi við landslag og halla umhverfis. Uppgræðsla miðast við að endurheimta staðargróður.	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúrumínjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.

Tafla 5. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar

### 13. SVÆÐI 4

Ásheiði um Meiðavallaskógr og Tóveggjarskógr á Norðaustur-veg (stöð 41800-50880 á Dettifossvegi).

#### 13.1. Staðhættir

Vegkaflinn frá Langavatnshöfða um Ásheiði og um Meiðavalla- og Tóveggjarskógr að Norðausturvegi liggur um mjög gróið svæði og fer að mestu í gegnum skóglendið á númerandi vedi. Meiðavalla- og Tóveggjarskógr er náttúrulegur birkisskógr sem er á náttúruminjaskrá. Vegkaflinn er tæplega 9,1 km langur (st. 41800-50880). Syðst á þessum hluta liggur vegurinn um heiðalandslag með ríkjandi mólendi en síðan tekur við skóglendið og þegar komið er út úr því tekur við menningarlandslag með túnum, gírðingum og landbúnaðarbyggingum.

#### 13.2. Fornleifar

Á þessari leið eru þrjár minjar.

Mariúgerði Np-005:007: Tóftir og vallargarðar sem eru í hættu vegna vegagerðar.

Tóveggjarstekkur Np-005:005: Tóft, býli sem er í hættu vegna vegagerðar.

Hæringsstaðir Np-023b:001. Bæjarhóll, bústaður sem er í hættu vegna vegagerðar.

#### 13.3. Skeringar, efnistaka og efnispörf

Víða eru skeringar meðfram vedi en efni úr þeim nýtist í fyllingar og fláafleyga.

Stór hluti efnis mun koma úr vegskeringum en það sem á vantarnar verður tekið úr skilgreindum nánum.

Efnispörf	274.000 m <sup>3</sup>
Efni úr skeringum:	40.000 m <sup>3</sup>
Efni úr nánum:	234.000 m <sup>3</sup>


Ein náma er skilgreind á þessum kafla.

#### 13.4. Fyllingar

Talsverðar fyllingar eru á þessum kafla.

#### 13.5. Veglína og áningastaðir

Dettifossvegur verður 7,5 m breiður í vegflokk C1 með burðarþol 11,5 tonn og 90 km/klst hámarks hönnunarhraða. Veglínan á þessum kafla vegarins er um 9 km löng og byrjar um 3 km norðan við afleggjarann að Vesturdal og liggur til norðurs að Norðausturvegi. Vegurinn fylgir að mestu númerandi vedi eða í minna en 15 m fjarlægð frá honum. Veglína víkur frá númerandi vedi á nokkrum köflum: Lengstu kaflarnir eru tveir: Á 2,0 km löngum kafla sunnan skóglendisins (st. 40800-42800), víkur veglínan út af númerandi vedi þar sem hann liggur upp á hæð í landinu, í 200 m h.y.s. Á 0,8 km löngum kafla norðan skóglendisins (st. 48000-48800) víkur veglínan út af númerandi vedi til að taka af krappa beygju. Hún fylgir númerandi vedi framhjá fornleifum við Hæringsstaði og sveigir svo frá



Mynd 12. Svæði 4 Áheiði Norðauasturvegur.



Mynd 13. Horft að Langavatnshöfða að Rauðhól



honum skömmu áður en komið er að Norðausturvegi, til forðast krappa beygju á núverandi vegi. T- gatnamót við Tóvegg verða þar með lögð af en einnig verða gatnamót við Norðausturveg færð um 190 m vestar. Leggja þarf nýja veggengingu að Tóvegg.

Reiknað er með girðingu beggja vegna við Dettifossveg frá Norðausturvegi suður undir Lönguhlíð að núverandi Landgræðslugirðingu. Gert er ráð fyrir ristarlíði á heimkeyrslu að Tóvegg. Auk þess er reiknað með alls þremur göngum fyrir búfó þar af tvö göng sem hægt er

að teyma reiðhross í gegn. Önnur stærri göngin eru í stöð 43025 og tengjast gömlum slóðum við gamla tilraunareiti í Ásheiði.

Einn áningastaður verður á leiðinni eða við gatnamót Norðausturvegar. Hann verður um 1.000 m<sup>2</sup>, malbikaður og verður pláss fyrir eina rútu og sex fólksbíla. Staðurinn verður afmarkaður með grjóti og komið verður upp upplýsingaskiltum.

### 13.6. Umhverfisáhrif

Umhverfispættir		Lýsing	Viðmið
Samfélag	+	Verulega jákvæð áhrif á ferða-þjónustu, lenging ferðamannatíma og fjölgun atvinnutækifæra og styrking byggðar vegna aukinna lífsgæða íbúa svæðisins. Framkvæmdir í þjóðgarði og fjölsóttum ferðamannastað geta haft tímabundin neikvæð áhrif á ferðapjónustu og útivist á framkvæmdatíma. Aðgengi að þjóð-garðinum í Jökulsárgljúfrum mun gjörbreytast og þar af leiðandi allar aðstæður fyrir gesti á væðinu. Verulega jákvæð áhrif á umferðaröryggi.	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá kafla II.1 um heilnæmt andrúmsloft. Vegalög nr. 80/2007. Einkum 1. gr. og kafli IX um öryggi vega og umferðar. Samgönguáætlun 2007-2010. Sjá sérstaklega markmið 1.3. um umhverfislega sjálfbærar samgöngur
Hávaði og mengun	0	Óveruleg áhrif á hávaða og mengun að mestu er um að ræða tímabundin og staðbundin áhrif á framkvæmdatíma.	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun. Reglugerð nr. 933/1999 um hávaða og breyting á henni sbr. reglugerð 478/2003.
Landnotkun	0/-	Vegurinn mun á þessum hluta fylgja núverandi vegi að mestu og hindrunaráhrif þegar fyrir hendi en aukast nokkuð vegna aukins umfangs nýs vegar. Vegurinn er þó ekki lengur innan þjóðgarðs og getur því haft neikvæð áhrif á menningarlandslag á svæðinu og eignarhald. Einnig fer vegurinn um Meiðavalla- og Tóveggjarskógl skóg sem er á náttúrumínjaskrá.	Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.
Dýralif	0	Óveruleg áhrif á fuglalif. Fuglalíf á fyrirhuguðu vegstæði Dettifossvegar er hvorki mjög fjölbreytilegt né ríkulegt. Engin fuglategund á válista virðist verpa innan rannsóknarsvæðisins. Áhrif af uppbyggingu Dettifossvegar ættu hvorki að hafa mikil áhrif á fuglalíf svæðisbundið, né á landsvísu.	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
Fornleifar	-	Áhrif á fornleifar eru mestar á þessari leið en þrjár minjar eru í hættu vegna vegagerðar. Um er að ræða Maríugerði Np-005:007: Tóftir og vallargarðar, Tóveggjarstekkur Np-005:005: Tóft og Hærings-staðir Np-023b:001. Bæjarhóll, bústaður.	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, grefstrunar-staðir o.s.frv.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Umhverfisþættir		Lýsing	Viðmið
Gróður og jarðvegur	-/0	Vegurinn mun raska gróðri á framkvæmdasvæðinu en engar sjaldgæfar tegundir eða gróðurfélög eru á þessum veghluta nema þar sem vegurinn fer í gegnum Meiðavallaskógi sem er náttúrulegur birkiskógor og er hann á náttúruminjaskrá. Að framkvæmdum loknum verður raskað svæði grætt upp þar sem við á, í samráði við landeigendur, Landgræðslu ríkisins og Umhverfistofnun. Framkvæmdaraðili mun græða upp jafn mikið gróðurlendi og tapast vegna framkvæmdarinnar. Möguleg neikvæð áhrif á gróður og jarðveg með auknum ágangi ferðamanna um svæðið	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.
Jarðmyndanir	0	Engum sérstæðum jarðmyndunum er raskað á þessari leið.	37 gr. laga um náttúruvernd. Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu.
Vatnafar	0	Óveruleg áhrif á vatnafar.	1. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. 1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun grunnvatns.
Landslag	-	Vegurinn mun hafa talsvert neikvæð á landslag og talsverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér vegna skerðinga og fyllinga sem nauðsynlegar eru vegna nýs vegar. Við hönnun vegarins er þó reynt að takmarka það eins og kostur er. Við frágang verður reynt að gera skerðingar og námusvæði sem minnst áberandi með því að aðlaga brúnir þeirra landinu í kring. Frágangi verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Námur og skerðingar verða því mótaðar í samræmi við landslag og halla umhverfis. Uppgræðsla miðast við að endurheimta staðargróður.	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbindingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.

Tafla 6. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar

## 14. SÉRSTAKIR SKILMÁLAR - MÓTVÆGISADGERDIR

- Hönnun veglínú og efnistöku miðast m.a. við að rask á náttúruminjum svæðisins verði sem minnst.
- Leitast hefur verið við að fella veginn sem best að landinu og þess gætt að framkvæmdir verði sem minnst sýnilegar frá helstu ferðamannastöðum og útsýnisstöðum í þjóðgarðinum.
- Á framkvæmdatíma mun Vegagerðin stuðla að því að röskun á landi verði sem minnst og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegstæðið sjálf og námur.
- Við frágang verður reynt að gera skeringar og námusvæði sem minnst áberandi með því að aðlagu brúnir þeirra landinu í kring. Frágangi verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg.
- Námur og skeringar verða mótaðar í samræmi við landslag og halla umhverfis og í þær sáð þar sem við á. Uppgræðsla miðast við að endurheimta staðargrður.
- Yfirborð skeringa og náma skal ekki mótað rennislétt, heldur reynt að hafa það náttúrulegt í samræmi við aðliggjandi land.
- Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á vandaðan frágang og að allur akstur vegavinnutækja utan vegsvæðis verður bannaður.
- Góðar móatorfur í vegstæði verða teknar upp og fluttar á geymslustað, til að nota við frágang á skeringum sem hafa verið mótaðar
- Fyrir útboð framkvæmda verður lokið við að móta tillögur að uppgræðslu m.a. með Landgræðslunni.
- Núverandi vegur sem ekki fer undir nýjan veg verður gerður minna sýnilegur í landinu í samráði við hagsmunaðila.
- Gera þarf frekari ráðstafanir við vinsælar gönguleiðir innan Þjóðgarðsins að merkja og afmarka gönguleiðir til að koma í veg fyrir rask utan hefðbundinna göngu- og reiðleiða.

## 15. GÖNGULEIÐIR

Net gönguleiða í Jökulsárgljúfrum er eitt það besta á landsvísu. Þar er að finna leiðir af öllum erfiðleikastigum og mismunandi lengdum. Frá Ásbyrgi að Dettifossi liggar vel þekkt tveggja daga leið eftir endilöngu svæðinu með viðkomu á helstu náttúruperlum þess, en einnig eru til staðar stuttir göngustígar fyrir hreyfihamaða og allt þar á milli. Markmið framkvæmdanna sem nú eru deiliskipulagðar er meðal annars þau að tryggja betra aðgengi að gönguleiðum og stígum Jökulsárgljúfra og auka þannig aðgengi gesta að því helsta sem þetta svæði Vatnajökulsþjóðgarðs hefur uppá að bjóða.

### Flokkunarviðmið fyrir aðgengi á stígum og áningastöðum:

Meginleiðir eru stígar sem eru með aðgengi fyrir alla en Ferðamálastofa Íslands hefur gefið út Flokkunarviðmið Ferðamálastofu fyrir aðgengi að áningar- og útvistar-

svæðum á Íslandi. Eftirfarandi er skilgreining Ferðamálastofu fyrir aðgengi.

### Markmið Vatnajökulsþjóðgarðs:

Eitt af markmiðum Vatnajökulsþjóðgarðs er að gera hreyfihömluð kleift að njóta garðsins og innviða hans. Eru gestastofur Vatnajökulsþjóðgarðs í Ásbyrgi, Skraftafelli og á Skriðuklaustri aðgengilegar öllum, og svo verður einnig um þær gestastofur sem byggðar verða í framtíðinni.

### Erfiðleikastuðull gönguleiða

Gönguleiðir innan Vatnajökulsþjóðgarðs eru flokkaðar og merktar samkvæmt erfiðleikastuðli. Er kerfið byggt á samskonar kerfum og þekkjast í Evrópu. Vakin er athygli á því að kerfið tekur ekki tillit til lengdar gönguleiðar né heldur hversu erfitt er að rata hana.

Reynt verður með táknumyndum á skiltum að upplýsa hver erfiðleikastuðull er á viðkomandi leið og ennfremur stutt lýsing á hvað í honum felst:



#### AUÐVELD LEIÐ:

Góðir stígar með sléttu undirlagi að jafnaði, án teljandi hindranar eða erfiðleika.



#### KREFJANDI LEIÐ:

Leiðir og stígar sem geta falið í sér lengri ósléttu og erfiða kafla og hindranir, svo sem óbrúaða læki og minni ár, lausamöl, há uppstig o.s.frv.



#### ERFIÐ LEIÐ:

Leiðir og stígar sem fela í sér hindranir og erfiðleika á borð við stærri óbrúaðar ár; brattlendi og klettablöf, sem óvönum og við slæmar aðstæður geta verið hættulegar.



#### STÍGUR FÆR EINSTAKLINGUM MEÐ GÖNGUHÖMLUN:

Stígar eru með bundnu slitlagi, timburpallar eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar á yfirborði. Risur á milli fjala og eða hella mega ekki vera meiri en 5mm. Stígar eru yfir 75 cm breiðir. Halli á stíg og eða skábraut fer að jafnaði ekki yfir 1:15 (6,7%) og aldrei yfir 1:12 (8%). Bil á milli handriða er um 90 cm og aldrei meira en 120 cm. Hvíldarsvæði með bekkjum eru með um 100 m millibili.



#### STÍGUR FÆR EINSTAKLINGUM Í HJÓLASTÓL MED AÐSTOÐARMANN:

Stígar eru með bundnu slitlagi, timburpallar eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar á yfirborði. Risur á milli fjala og eða hella mega ekki vera meiri en 5mm. Stígar eru 90 cm eða breiðari. Halli á stíg og eða skábraut er að jafnaði ekki yfir 1:15 (6,7%), þurfi að brúa meiri hækkun t.d. með þrepum þá séu ekki fleiri en eitt þrep í einu og ekki fleiri en 3 stök þrep á hverja 50 m. Hvíldarflokur sé ekki styttra en 120 cm eftir hvert þrep. Hvert þrep sé ekki hærra en



15 cm. Hvíldarsvæði með bekkjum eru með um 100 m. millibili og með a.m.k. 90 cm breiðu svæði fyrir hjólastóla við bekkina. Hliðarkantar á skábrautum a.m.k. 4 cm.



### STÍGUR FÆR EINSTAKLINGUM Í HJÓLASTÓL ÁN AÐSTODARMANNS:

Stígar eru með bundnu slitlagi, timburpallar eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar á yfirborði. Rifur á milli fjala og eða hella má ekki vera meiri en 5mm. Stígar eru 90 cm eða breiðari. Halli á stíg og eða skábraut fari að jafnaði ekki yfir 1:20 (5%), þurfi að brúa meiri hækkun skulu vera hjálparhandriði á þeim stöðum, þó fari halli aldrei yfir 1:15 (6,7%), bil á milli handriða sé um 90 cm og aldrei meira en 120 cm. Hliðarhalli á stígum sé að jafnaði ekki meiri en 1:50 (2%). Hvíldarsvæði með bekkjum séu með um 100 m millibili og með a.m.k. 90 cm breiðu svæði fyrir hjólastóla við bekkina. Meðfram skábrautum skal vera hliðarkantar a.m.k. 4 cm háir.

Skipta má gönguleiðanetinu/svæðunum upp í fjóra kjarna sem Dettifossvegur mun tengja saman í eina heild:

- Ásbyrgi og umhverfi.
- Langavatnshöfði, Vesturdalur og umhverfi.
- Hólmamatungur, Ytra Þórunnarfjall og umhverfi.
- Dettifoss/Selfoss og Hafragilsfoss.

Eins og fyrr segir liggur mikil gengin leið á milli Ásbyrgis og Dettifoss sem margir tengja svo við Mývatn í alls fjögurra daga göngu. Hún tengir einnig kjarnana fjóra. Ferðamenn á lengri gönguleiðum Jökulsárgljúfra eru viðkvæmir fyrir mannvirkjum og fólksfjölda. Markmið Deiliskipulagsins er að tryggja að þær samgöngubætur sem hljótast af nýjum vegi skili sér í auknu aðgengi breiðs hóps (þar með talið hreyfihamlaðra) fólks að helstu áhugaverðu stöðum jökulsárgljúfra án þess að náttúran beri skaða af, og um leið lágmarka neikvæð áhrif á hópa viðkvæma fyrir mannvirkjum og fólksfjölda.

### 16. REIÐLEIDIR

Í verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs er gert ráð fyrir ríðandi umferð. Þar segir "Umferð á hestum um þjóðgarðinn er heimil á þeim reiðleiðum sem nefndar eru ..... og koma fram á útgefnum kortum þjóðgarðsins. Helstu afmarkaðir áningastaðir fyrir hesta eru skilgreindir en einnig er heimilt á skilgreindum áningarstöðum fyrir hesta, sem þjóðgarðurinn veitir upplýsingar um, að slá upp tímabundnu aðhaldi".

Ennfremur segir "Fylgja ber merktum reiðleiðum þar sem þær eru fyrir hendti.

Á ferð um hálendi þjóðgarðsins og önnur lítt gróin svæði skulu hestamenn sjálfir hafa tiltækt nægjanlegt fóður fyrir hesta sína. Óheimilt er að beita hestum innan þjóðgarðsins

nema sérstaklega sé gert ráð fyrir því á áningarstöðum fyrir hesta. Leyfi þjóðgarðsvarðar þarf fyrir hópferð um þjóðgarðinn þar sem fleiri en 20 hestar eru í för".

Þekkt reiðleið liggur frá Ásbyrgi eftir endilöngum þjóðgarðinum í Mývatnssveit. Lagt er upp frá Ásbyrgi og farið um Ásheiði, Rauðhóllssel, vestan við Langavatnshöfða í Vesturdal. Síðan suður Vesturdal um Svínadal að Hólmamatungum. Farið með Brandslæk og um Fossgil á númerandi Brúnaveg austan Miðdegishæð. Reiðleiðin liggur yfir afleggjara niður á Ytra Þórunnarfjall og fylgir númerandi slóða að Dettifossi.

Þessi leið helst lítið breytt, aðeins er gert ráð fyrir styttingu frá Fossgilini beint austur yfir veggtingingu niður að Ytra Þórunnarfjalli yfir á gamla veg sem haldið verður sem reiðleið. Gert er ráð fyrir styrkingu á vegöxlum afleggjara að Ytra Þórunnarfjalli þar sem reiðleiðin þverar hann, sem og á Aðalvegi undir veggtinginu að Dettifossi.

Ennfremur segir í verndaráætlun garðsins að „Stefnt er að því að fjlöga í áföngum áningarstöðum fyrir hesta á skilgreindum reiðleiðum.“ Einnig er sagt að skipuleggja og skilgreina megi reiðleiðir og áningastaði innan þjóðgarðsins.

Við áningastað við Dettifoss er komið yfir í Skútustaðahrepp. Lagt er til að reiðleið þaðan til suðurs og vesturs fylgi gömlu leiðinni vestan nýja Dettifossvegar 862 á Hringveginn og/ eða að til vesturs að Hlíðarhaga, gangnamannskála sunnan við Eilífsvötn. Í fyrirliggjandi tillögu að aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 er sýnd reiðleið austur að Jökulsá með Hringveginum frá byggðinni við Reykjahlíð. En gamli vegurinn er sýndur sem slóði.

Endaleg ákvörðun um notkun slóða er í höndum sveitarstjórnar og landeigenda auk umsjónaraðila lands á þessu svæði Landgræðslunnar.

### Tillaga:

Mögulegt er að koma reiðleiðinni út úr garðinum um göng í stöð 40640 vestan við Langavatnshöfða. Ríða síðan á griðngarslóð að slóðatengingu vestur á afréttarslóða, þar er slóðatenging að númerandi Dettifossveg á upprekstraslóða frá Undirvegg/Hlíðargerði.

Endaleg ákvörðun um notkun slóða er í höndum sveitarstjórnar og landeigenda auk umsjónaraðila lands á þessu svæði Landgræðslunnar.

## 17. KYNNING OG SAMRÁÐ

Samráð hefur verið verður haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins vegna lýsingar á skipulagsverkefni og um umfang og áherslur umhverfismats aðalskipulagsbreytingar, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir. Skipulagslysing verður auglýst á Netinu og aðgengileg íbúum Skútustaðahrepps og Norðurþings.

Skipulagslysing var auglýst í blöðum og gafst íbúum kostur á að kynna sér fyrirhugaða breytingu. Svör hafa borist frá Skipulagsstofnun Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Minjaverði Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun.

Samráð verður haft við alla umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma deiliskipulagsins.

Samráð verður haft við eigendur þeirra jarða sem framkvæmdin nær til.

Samráð verður haft við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra en aðla þarf einnig leyfis Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til tímabundins atvinnurekstrar; t.d. fyrir vinnubúðum og verkstæðisaðstöðu, sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Samráð verður haft við Umhverfisstofnun vegna mögulegra raskana á friðlýstum svæðum og varðandi frágang vegsvæðis og náma.

Samráð hefur verið haft við Fornleifavernd ríkisins ef nauðsynlegt reynist að raska fornminjum, sbr. 14. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Samráð verður haft við aðliggjandi sveitarfélög þar sem þau eru umsagnaraðilar um landnotkun sem nær út fyrir sveitarfélagamörk.

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áðurtalda aðila þá verður greint frá því í greinargerð.

Eftir auglýsingu gefst íbúum tækifæri að koma með skriflegar athugasemdir sem sveitarfélaginu ber að svara.

Framkvæmdin verður unnin á vegum Vegagerðarinnar og Vatnajökulsþjóðgarðs en framkvæmdin og efnistaka hennar vegna er háð framkvæmdaleyfi skv. skipulags-lögum nr. 123/2010.

Afla þarf framkvæmdaleyfis hjá Norðurþingi. Einnig þarf framkvæmdaleyfi til viðkomandi sveitarstjórnar vegna töku efnis úr eldri nánum, þ.e. nánum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 samkv. breytingar á lögum um náttúruvernd (lög nr. 44/1999) sem tóku gildi 1. júlí 2008.

## 18. AFGREIDSLA EFTIR AUGLÝSINGU

### LÝSINGAR DEILISKIPULAGS

Fornleifavernd ríkisins (dags. 22. nóvember 2012): Engar athugasemdir.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (dags. 28. nóvember 2012): HNE bendir á að að strangari kröfur gildi um val á efnistökustað innan þjóðgarðs og frágangur verði að vera ásættanlegur strax eftir efnistöku. Efnistökusvæði verði fá og lítt áberandi í landslagi. Grónu landi verði hlíft eins og mögulegt er.

Skipulagsstofnun (dags. 30. nóvember 2012): Meta þarf áhrif aukinnar umferðar og fjölgunar umferðar ferðamanna um svæðið.

Umhverfisstofnun (dags. 7. desember 2012): Fjalla þarf ítarlega um frágang efnistökusvæða, fyrirhugaðan frágang og hvernig staðið verði að uppgræðslu á námu- og vegsvæðum.

Mánudaginn 17. desember 2012 var haldinn kynningarfundur á Akureyri með Vegagerðinni og fulltúa Vatnajökulsþjóðgarðs og ráðgjafa þar sem farið var yfir loka drög deiliskipulagsins. Eftir hádegi sama dag var síðan haldinn annar kynningarfundur með svæðisstjórn norðursvæðir Vatnajökulsþjóðgarðs á Húsavík. Ábendingar og athugasemdir frá kynningarfundum hafur verið tekið til greina.

## 19. EFTIR AUGLÝSINGU

### DEILISKIPULAGS DETTIFFOSSVEGAR 862

Niðurstaða umhverfisskýrslu leiddi í ljós að áhrif vegagerðar mun hafa í flestum tilvikum jákvæð áhrif í för með sér. Neikvæðra áhrifa gætir þó á einhverjum vegköflum á landslag, gróðurfar, fornleifar og landslag. Settar voru fram mótvægiságerðir og sértækir skilmálar til þess að draga úr þeim áhrifum sem birtir eru í kafla 14.

Valkostir sem til skoðunar voru var ein veglína borin við „núllkost,“ sem felst í því að engar breytingar verði gerðar á núverandi vegi).

Bæjarstjórn Norðurþings auglýsti tillögu að deiliskipulagi frá 31.janúar - 15. mars.

Alls bárust 3 athugasemdir

1 Guðrún Árnadóttir á Meiðavöllum, í tölvupóstur til skipulags- og byggingarfulltrúa dags. 12. mars 2013. Farið er fram á að gert verði ráð fyrir fernum búfjárgögum undir Dettifossveg. Samkvæmt svari frá Vegagerð þá er unnið að samkomulagi og í greinargerð er talin tvenn hestfær göng sem tengjast reiðleiðum. Önnur búfjárgög er samkomulag milli landeigenda og Vegagerðar og teljast ekki skipulagsskyld frekar sem vegbúnaður.

2. Munnlegar athugasemdir frá landeiganda jarðarinnar Tóveggjar varðandi örnefni. Texti hefur verið lagfærður



í kafla 13 svæði 4 á bls. 22-25 talað um skógelndi og  
Meiðavalla-og Tóveggjarskógr.  
3. Athugasemd frá Náttúrustofu Norðausturlands dagsett  
15.03.2013. Þar sem bennt er á að fallið hfeði niðu umfjöllun  
um dýralíff á svæði 4. í venslatöflu umhverfisáhrifa.  
Tekið hefur verið tillit til allra ábenidnga og athugasemda.

## 20. FERLIÐ

Helstu verkferlar sem varða deiliskipulag fyrir nýjan  
Dettifossveg eru eftirfarandi:

Gerð skipulagslýsingar:

- Samráð um skipulagslýsingu, send til Skipulagsstofnunar auk annarra.
- Auglýsing skipulagslýsingar
- Fyrstu drög að breytingartillögu og matslýsing.
- Gerð upprárattar, greinargerðar og umhverfisskýrslu
- Ofantöldum þáttum er lokið 12.12.2012
- Kynning og auglýsing tillögu.
- Samþykkt bæjarstjórnar.
- Afgreiðsla og samþykkt deiliskipulags í B-deild.
- Kynning og auglýsing tillögu.

	Ágúst.	Sept	Okt	Nóv	Des	Jan	Febr	Mars.
Gerð skipulagslýsingar								
Samráð um skipulagslýsingu								
Auglýsing skipulagslýsingar								
Fyrstu drög að breytingartillögu								
Tillaga og umhverfisskýrsla								
Kynning og auglýsing tillögu								
Samþykkt bæjarstjórnar								
Afgreiðsla og samþykkt deiliskipulags								

## 21. HEIMILDASKRÁ

Aðalskipulag Norðurþing 2010-2030.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 107/2001, Þjóðminjalög.

Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Náttúruverndaráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndaráð. Reykjavík.

Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.

Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana

Vatnajökulsþjóðgarður 2011. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, náttúruvernd, útvist og byggðaþróun. Reykjavík.

Jökulsárgljúfur 2008 Sigrún Helgadóttir líffræðingur.

Vegagerðin 2006. Dettifossvegur, Hringvegur-Norðausturvegur. Mat á umhverfisáhrifum, matsskýrsla. Akureyri.

Vegagerðin 2008. Dettifossvegur, Dettifoss-Norðausturvegur. Breytingar á veglínú og efnistöku. Akureyri

Vegagerðin 2010: Dettifossvegur (863), nýjar tengingar að Hólmatungum og Vesturdal/Hljóðaklettum. Akureyri



Mynd 14. Ferðamenn við Dettifoss

